

Ed.

678. Nefndarálit

[187. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd deildarinnar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu máls-
ins. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en minni hlutinn flytur á
sérstöku þskj. tvær breytingartillögur og skilar séráliti.

Frumvarp þetta hefur inni að halda heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku
innanlands og utan, allt að 450 millj. króna, auk vörukaupalána og ábyrgðar-
heimilda.

Hér er um mjög viðamikil mál að ræða, sem lagt er fram í lok þings, þegar
annir eru hvað mestar og afgreiða þarf mjög mörg mál. Þingmönnum gefst því
enginn kostur að kynna sér efni frumvarpsins, svo sem æskilegt og sjálfsagt er,
heldur verða að afgreiða það með hraði og án nægilegrar athugunar. Slík vinnu-
brögð eru alveg fráleit og með öllu ósamboðin Alþingi, og verður að mótmæla
slíku harðlega.

Alþingismenn hefðu vafalaust viljað gera þessu máli önnur og betri skil,
en eiga þess engan kost, eins og mál þetta ber nú — eins og raunar oft áður
— að hér á Alþingi.

Þær breytingartillögur, sem minni hlutinn flytur, snerta í fyrsta lagi spari-
fjárbindinguna og í öðru lagi framtalsskyldu skuldabréfa.

Varðandi sparifjárbindinguna er það að segja, að það virðist vera ætlunin
að halda henni áfram á sama hátt og áður, þ. e. að viðskiptabankarnir séu
skyldaðir til að binda 30% af aukningu sparifjár, og til viðbótar sé þeim ætlað
að kaupa verðbréf vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir 10% innstæðuaukna-
ingar á árinu.

Það er almennt viðurkennt, að viðskiptabankarnir hafa alls ekki getað full-
nægt rekstrarfjárbörf fyrirtækja undirstöðuatvinnuveganna að undanförmu, og svo
mun enn verða, að því er best verður séð, á þessu ári. Við munum því leggja til,
að heimildin til sparifjárbindingar verði ekki notuð á þessu ári.

Á undanförmum árum hefur það færzt í vöxt, að alls konar skuldabréf eru
með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óeðlilegt. Við teljum
eðlilegra, að slíkar eignir séu framtalsskyldar, enda þótt þær séu undanþegnar
skattlagningu, og teljum það raunar óhjákvæmilegt í sambandi við sjálfsagt
skattaeftirlit.

Breytingartillögur okkar eru prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Bjarni Guðbjörnsson,
frsm.

Einar Ágústsson.

Björn Jónsson.